



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1747
komudagur 14. 4. 2004

• Iðnaðarnefnd
 Alþingi
 Austurstræti 8-10
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík 13. apríl 2004
 SP/hó

Efni: Frumvörp til laga um raforkudreifingu:

1. Frumvarp til raforkulaga, 740. mál flutningur raforku, gjaldskrár o.fl.
 2. Frumvarp til laga um Landsnet hf., 737. mál
 - X 3. Frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 747. mál
- Tilv: 2004030029

Bændasamtökum Íslands hafa borist ofangreind þrjú frumvörp til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis, en þau fjalla um nýtt fyrirkomulag á dreifingu raforku og jöfnun dreifingarkostnaðar og byggjast á álitni nefndar, sem iðnaðarráðherra skipaði samkvæmt bráðabirgðaákvæði við raforkulög nr. 65/2003.


Megininntak laganna er, að stofnað verður eitt flutningsfyrirtæki, Landsnet hf. sem upphaflega verður í eigu ríkisins og gert er ráð fyrir að yfirtaki allar háspennulínur og tengivirki með 66kv spennu og þar yfir, en þetta fyrirtæki afhendi orkuna til dreifiveitna á 55 stöðum á landinu og alls staðar á sama verði. Hverri dreifiveitu verður síðan gert að hafa eina gjaldskrá á sínu svæði. Þó geta dreifiveitur sótt um sérstaka gjaldskrá fyrir dreifbýli, enda sé notkun á viðkomandi svæði a.m.k. 5% af heildarnotkun alls dreifiveitusvæðisins og kostnaður við dreifingu þar sé sannanlega hærri en í þéttbýlinu. Þá er gert ráð fyrir að ríkið greiði niður dreifingarkostnað í dreifbýli, þannig að “raforkukaupendur á dreifbýlisgjaldskrársvæðum þurfi ekki að greiða hærra gjald fyrir dreifingu raforku en sem nemur hæsta gjaldi almennra gjaldskráa dreifiveitna, eftir að tillit hefur verið tekið til niðurgreiðslna”, eins og segir í athugasemdum við 3. grein frumvarps um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

Hér er um flókin mál að ræða, sem krefjast sérþekkingar til að sjá fyrir hin ýmsu áhrif, sem breytingarnar munu hafa. Bændasamtökin bera fyrir brjósti hagsmuni dreifðra byggða og leggja þunga áherslu á, að jöfnun dreifingarkostnaðar tryggi, að raforkuverð í sveitum hækki ekki af völdum þessara breytinga. Það er mikilvægt í þessu sambandi, þótt ekki snerti beint þessa lagasetningu, að áfram verði greitt sérstaklega niður rafmagn til húshitunar. Þá skal á það bent, að Landsvirkjun hefur að undanfögnu veitt umtalsverðan afslátt á raforkuverði til gróðurhúsa og fiskeldis samkvæmt sérstöku samkomulagi, sem brýnt er að hægt verði að halda áfram.

Ein af markverðari nýjungum í tekjuöflun sveitanna er virkjun bænda á smærri vatnsföllum og sala á raforku inn á veitukerfin. Bændasamtökin leggja ríka áherslu á, að þessir möguleikar verði frekar rýmkaðir en skertir með nýrri lagasetningu, en Landsamband raforkubænda mun koma athugasemdum á framfæri við nefndina hvað þetta varðar.

Verði ofangreindir hagsmunir tryggðir í nýjum lögum, gera Bændasamtök Íslands ekki athugasemdir við þau.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurgeir Þorgeirsson